

Endurrit fundargerðar mennta- og menningarmálanefndar 7. október 2005

Ár 2005 þann 7. október kom mennta- og menningarmálanefnd saman til fundar. Mætt Karl Kristjánsson, Ingvar Samúelsson og Ágústa Bragadóttir. Einnig mætt Díska Sverrisdóttir fulltrúi foreldraráðs, Rebekka Eiríksdóttir fulltrúi kennara og Áslaug Guttormsdóttir skólastjóri. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Skólamál

- 1) Farið yfir fundargerð síðasta fundar. Borist hefur munnleg athugasemd frá Inga Þ. Reyndal kennara. Í fundargerðinni segir þegar fjallað er um ráðningu hans að hann vilji ekki kenna þær greinar sem auglýstar voru. Í umsókn hans kemur hins vegar fram að hann treysti sér ekki til að kenna umræddar greinar.

Nefndin fellst á að nákvæmara orðalag sé að segja að Inga Þ. Reyndal hafi ekki treyst sér til þess að kenna umræddar greinar.

- 2) Umsóknir um skólavist fjögurra nemenda í Reykhólaskóla veturinn 2005 til 2006. Formlega umsókn hefur einungis borist fyrir einn nemanda, Arnþór Fannar Guðmundsson. Samþykkt. Sveitarstjóra falið að afla frekari gagna.
- 3) Skólaeldhús, endurnýjun á gólfefni á eldri hluta skólabyggingar. Nefndin leggur til að skólaeldhúsið gangi fyrir en farið verði í endurnýjun gólfefnis eins fljótt og hægt er.
- 4) Kynning á starfi bókasafnsnefndar, Flateyjarbókasafn. Áhugi er fyrir því hjá forstöðumanni Þjóðarbókhöðunnar að gamla Flateyjarbókasafnið verði aftur sent til Reykhóla.
- 5) Tónmenntakennsla, tónlistarskóli og hugsanlegt samstarf við Reykhólakirkju. Sveitarstjóra falið að hefja undirbúning að þessum málum.
- 6) Matstæki og einstaklingsmiðað nám í grunnskólum Reykjavíkur. Lagt fram til kynningar.
- 7) Verkefni um orkumál frá Landsvirkjun– samkeppni í grunnskólum. Skólastjóra falið að athuga þessi mál eins og önnur álíka.
- 8) Tóbaksvarnir, erindi frá Lýðheilsustöð. Samþykkt að bjóða fulltrúa frá Lýðheilsustöð í Reykhólaskóla.
- 9) Skólastjóri lagði fram erindi um að setja mætti upp verðskrá fyrir þjónustu og útleigu á skóla. Vísað til hreppsnefndar. Skólastjóri tók fram að hún hugsaði gistingu gegn gjaldi á heimavist ekki í samkeppni við einkaaðila, heldur ef verktakar og aðrir á vegum hreppsins þyrftu á gistingu að halda.
- 10) Ingvar færði reykingaaðstöðu starfsfólks Reykhólaskóla í tal. Starfsfólkið reykti í ruslakompu þar sem engin loftræsting væri. Þessi mál voru rædd nokkuð og þarf að athuga þau frekar.

Áslaug og Dísu yfirlög nú fundinn.

Áslaug B. Guttormsdóttir (sign)

Dísu Sverrisdóttir (sign)

Leikskólamáli

Nú voru tekin fyrir málefni Hólabæjar og starfandi forstöðumaður Hólabæjar, Elva Jónsdóttir, kom inn á fundinn. Rebekka var einnig áfram á fundinum sem fulltrúi foreldra barna á Hólabæ.

- 1) Endurbætur á búnaði og aðstöðu Hólabæjar. Brýnt er að laga lóð og girðingu utan dyra. Enn fremur er aðstöðu innanhúss áfátt. Ljóst er að forgangsraða þarf framkvæmdum. Elva lagði fram lista yfir það sem brýnast er. Einnig þarf að stöðva leka inn í húsnæðið. Nefndin bendir á að gera þarf ráð fyrir fjármunum í viðhald Hólabæjar við gerð næstu fjárhagsáætlunar.
- 2) Stefna til framtíðar, ráðning leikskólakennara. Tólf börn eru á Hólabæ núna sem eru rúmlega sautján barngildi. Auglýsa þarf eftir leikskólakennara og var sveitarstjóra falið að annast það.
- 3) Rebekka lagði fram blað með minnisatriðum sem foreldrafélagið vill koma á framfæri. Var þar fjallað um íþróttatíma, gjaldskrá, námskeið fyrir starfsfólk, aldurstakmark, skólastund fyrir fimm ára o.fl.

Nefndinni leist vel á þessu atriði og vill að þau verði þróuð frekar.

Rebekka og Elva yfirlög nú fundinn.

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Elva Jónsdóttir (sign)

Menningarmáli

Sveitarstjóri lagði fram tillögu þess efnis að “Sigfúsarhátíð” verði haldin á Reykhólum sumardaginn fyrsta 2006, en þá verða liðin 10 ár frá andláti Sigfúsar Halldórssonar tónskálds.

Sigfús tengist Reykhólum, því hann dvaldi þar um tíma og samdi lagið um Litlu fluguna þar.

Nefndinni list vel á þetta og leggur til að kannaður verði kostnaður við þetta.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.